

Tillaga til 428. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 20. desember 2018

Tillaga 1043. fundar bæjarráðs um að samþykkja samning um uppsetningu og rekstur á örbylgjusambandi á Ingjaldssandi þar til ljósleiðarasamband verði í boði eða ábúð á heilsársgrundvelli leggst af og að bæjarstjórn feli bæjarstjóra að undirrita fyrirbyggjandi samning.

5. Fjarskiptatenging á Ingjaldssand - 2018110080

Lagt er fram minnisblað Guðmundar Gunnarssonar, bæjarstjóra, dags. 14. desember sl., vegna frekari upplýsinga um viðhald og kostnað vegna fjarskiptatengingar á Ingjaldssandi.

Óundirritaður samningur milli Snerpu, Fjarskiptasjóðs og Ísafjarðarbæjar, varðandi uppsetningu og rekstur á örbylgjusambandi á Ingjaldssandi þar til ljósleiðarasamband verði í boði eða ábúð á heilsársgrundvelli leggst af, er að nýju kynntur.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja samninginn varðandi uppsetningu og rekstur á örbylgjusambandi á Ingjaldssandi þar til ljósleiðarasamband verði í boði eða ábúð á heilsársgrundvelli leggst af og feli bæjarstjóra að undirrita fyrirbyggjandi samning.